

Nr. 885

27. september 2019

## AUGLÝSING

**um gildistöku deiliskipulags íbúðarsvæðis  
sunnan Sandgerðisvegar, Suðurnesjabæ.**

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar samþykkti þann 6. febrúar 2019 nýtt deiliskipulag íbúðarsvæðis sunnan Sandgerðisvegar.

Um er að ræða svæði sem er skilgreint sem Í10 í aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008-2024 og er syðsti hluti þéttbýlisins í Sandgerði.

Í tillögunni felst uppbygging á nýju íbúðarsvæði sem gerir ráð fyrir allt að 136 íbúðum og nýjum leikskóla innan deiliskipulagssvæðisins.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Suðurnesjabæ, 27. september 2019.*

**Jón Ben Einarsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. október 2019